Helstu fréttir
Sveitarfélagið Stykkishólmur

10. tbl. 4. árg. 11. nóvember 2026



Stykkishólmsvegur var malbikaður nú á dögunum frá afleggjara að Fákaborg og út fyrir afleggjara að Snoppu. Sagt var frá því á vef sveitarfélagsins þegar framkvæmdir við Stykkishólmsveg hófust í lok apríl þegar slitlag var fræst ofan af veginum. Það var því kærkomið að fá malbik á veginn nú á dögunum eftir langan tíma á mölinni.

Kosningar í dreifbýlisráð fóru fram á Skildi

Gengið var til kosninga í dreifbýlisráð laugardaginn 7. nóvember síðastliðinn í Félagsheimilinu Skildi í Helgafellssveit. Kosningarrétt í kosningu til dreifbýlisráðs hafa íbúar innan sveitarfélagamarka Helgafellssveitar eins og þeim er lýst á sveitarfélagakorti Landmælinga Íslands frá 2014 og íbúar með búsetu í Ögri. Kjörgengur í dreifbýlisráð er hver sá sem hefur skráð lögheimili í þeim hluta sveitarfélagsins sem lýst er hér á undan.

Í aðdraganda sameiningar Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar lagði samstarfsnefnd til að sett yrði á fót sérstakt dreifbýlisráð til tryggja áhrif íbúa í dreifbýli á stjórnsýslu sameinaðs sveitarfélags og koma til móts við áhyggjur íbúa svæðisins.

Dreifbýlisráð skal skipað annars vegar einum fulltrúa og öðrum til vara kjörnum af sveitarstjórn og skulu þeir vera aðalfulltrúar í sveitarstjórn og hins vegar tveimur fulltrúum og tveimur til vara kosnum í beinni kosningu af íbúum í dreifbýlinu. Aðsetur kjörstjórnar var á kjörstað og hófst talning eftir að kjörstað hafði verið lokað. Til dreifbýlisráðs voru kjörnir eftirfarandi:
Sigríður Sóldal, aðalmaður, Hinrik Hjartarson, aðalmaður, Ásmundur Óskar Einarsson, varamaður og Álfgeir Egill Þór Marinósson, varamaður.

Syndum í nóvember



Sundlaugin í Stykkishólmi.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) í samstarfi við Sundsamband Íslands stendur fyrir landsátaki í sundi allan nóvembermánuð. Syndum er heilsu- og hvatningarátak sem höfðar til allra landsmanna. Markmiðið með Syndum er að hvetja almenning til þess að hreyfa sig oftar og meira í sínu daglega lífi og nota meðal annars sund til þess. Hægt er að skrásetja sundferðir sínar á *syndum.is* og safna þannig sundtökum með öðrum landsmönnum en á síðunni má finna ýmsar upplýsingar um hversu mikið landsmenn hafa synt eftir að átakið hófst, auk upplýsinga um sundlaugar landsins og annan skemmtilegan fróðleik.

Íbúar eru hvattir til að taka þátt í átakinu og nýta þá góðu innviði sem hér eru til sundiðkunar.

Sveitarfélagið Stykkishólmur hlýtur Jafnvægisvog FKA



Jakob Björgvin, bæjarstjóri, með viðurkenningarskjalið.

Sveitarfélagið Stykkishólmur hefur hlotið viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar 2026 fyrir að hafa náð markmiði um kynjajafnvægi í efsta stjórnendalagi. Þetta er ekki einungis áfangi heldur staðfesting á þeirri vegferð sem sveitarfélagið hefur verið á sem er að skapa vinnustað þar sem allir hafa jöfn tækifæri til að vaxa, leiða og hafa áhrif. Fjölbreytt stjórnendateymi taka betri ákvarðanir, stuðla að sterkari menningu og betri árangri fyrir sveitarfélagið og samfélagið allt.

Jafnvægisvogin er hreyfiaflsverkefni Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA) og hefur frá árinu 2019 hvatt fyrirtæki, opinbera aðila og sveitarfélög til að stuðla að fjölbreyttari og jafnari stjórnun.

Viðurkenningin var afhent á árlegri hátíð Jafnvægisvogarinnar þann 14. október síðastliðinn, þar sem jafnframt var fjallað um mikilvægi fjölbreytni og jafnréttis í íslensku atvinnulífi. Jakob Björgvin, bæjarstjóri, tók við viðurkenningunni fyrir hönd sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið Stykkishólmur þakkar Jafnvægisvoginni fyrir viðurkenninguna og ekki síst frábæru starfsfólki sveitarfélagsins, sem hefur lagt sitt að mörkum til að gera þetta að veruleika.

Launalækkun og aukið aðhald samþykkt samhljóða



Björn Ásgeir Sumarliðason, forseti bæjarstjórnar, bar tillöguna upp.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms samþykkti samhljóða á fundi sínum 29. október að vísa fjárhagsáætlun fyrir árið 2027, ásamt þriggja ára áætlun fyrir árin 2028–2030, til síðari umræðu. Á fundinum var jafnframt samþykkt samhljóða tillaga Björns Ásgeirs Sumarliðasonar, forseta bæjarstjórnar, um tímabundna launalækkun bæjarfulltrúa og bæjarstjóra og stefnumörkun í fjármálum fyrir árin 2027 og 2028.

Á fundinum kynnti bæjarstjóri helstu forsendur og áherslur fjárhagsáætlunarinnar. Áætluninni var vísað til frekari umfjöllunar í bæjarráði og til umsagnar í öðrum fastanefndum sveitarfélagsins. Sú vinna heldur áfram á næstu vikum.

Samkvæmt tillögu forseta lækka greiðslur til bæjarfulltrúa fyrir störf í bæjarstjórn og bæjarráði um 50% frá 1. janúar til 31. desember 2027. Greiðslur til forseta bæjarstjórnar lækka hins vegar um 80%. Lækkunin tekur til fastra mánaðargreiðslna og greiðslna fyrir hvern fund og sömu viðmið gilda um varamenn þegar þeir taka sæti.

Forseta bæjarstjórnar var jafnframt falið að undirbúa og ganga frá skriflegu samkomulagi við bæjarstjóra um launalækkun á sama tímabili. Bæjarstjóri hafði lýst sig reiðubúinn til að taka þátt í aðgerðinni, þótt hann sé ekki kjörinn fulltrúi. Lækkunin nemi meðaltalslækkun greiðslna til bæjarfulltrúa í bæjarstjórn.

„Þessi tillaga er fram komin vegna þess að ég tel ábyrgt að auka enn frekar aðhald í rekstri sveitarfélagsins í ljósi núverandi efnahagsástands,“ sagði Björn Ásgeir Sumarliðason, forseti bæjarstjórnar, þegar hann kynnti tillöguna.

„Þetta er gert vegna þess að þegar við biðjum starfsfólk og stofnanir að endurskoða útgjöld og sýna enn meira aðhald og þegar við leggjum til að skerða þjónustu við íbúa hjá nokkrum stofnunum sveitarfélagsins, þá tel ég að við bæjarfulltrúar eigum að ganga á undan með þessu fordæmi.“

Samkvæmt greinargerð með tillögunni er tímabundinni launalækkun ætlað að vera framlag kjörinna fulltrúa til aðhaldsaðgerða í rekstri sveitarfélagsins. Stefnumörkunin tekur jafnframt mið af samantekt bæjarstjóra um mögulegar aðgerðir, sem unnin var í kjölfar funda bæjarráðs með forstöðumönnum og áframhaldandi vinnu við fjárhagsáætlun.

Markmiðið er að bæta árlega afkomu A-hluta varanlega um 80–100 milljónir króna og ná þeim árangri að fullu árið 2028. Við ákvarðanir um fjárfestingar verður miðað við að sveitarfélagið taki engin ný lán árin 2027 og 2028. Umfang framkvæmda ráðist því af svigrúmi rekstrarins þegar tekið hefur verið tillit til afborgana lána, annarra skuldbindinga og nauðsynlegs lausafjár. Eignasala verði einnig skoðuð þar sem við á.

Bæjarráði var falið að vinna áfram að greiningu, tillögugerð og kostnaðarmati aðgerða í samstarfi við bæjarstjóra og forstöðumenn.

Fréttir og umbrot blaðsins annast
Jón Sindri Emilsson,
aðstoðarmaður bæjarstjóra.

Ritað undir stofnun þekkingarseturs við Breiðafjörð



Jakob Björgvin S. Jakobsson og Logi Einarsson rituðu undir.

Logi Einarsson, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra, undirritaði þann 22. október síðastliðinn, samning við Sveitarfélagið Stykkishólm um stofnun og rekstur nýs þekkingarseturs við Breiðafjörð. Setrið verður staðsett í Stykkishólmi og er fyrsta svæðisbundna þekkingarsetrið af þessu tagi á Vesturlandi, en sambærileg setur starfa nú þegar í öllum öðrum landshlutum á grundvelli samninga við ráðuneytið.

Markmið nýja þekkingarsetursins er að bæta aðgengi að háskólanámi, efla rannsóknir og skapa aukin tækifæri til nýsköpunar og frumkvöðlastarfs á Vesturlandi, með sérstaka áherslu á byggðir við Breiðafjörð.

Samstarf verður í öndvegi í starfsemi setursins sem ætlað er að tengja saman mennta- og rannsóknastofnanir, sveitarfélög og atvinnulíf. Þannig verður stuðlað að auknu samstarfi, miðlun þekkingar og þróun nýrra verkefna sem byggja á styrkleikum og sérstöðu svæðisins. Við mótun starfseminnar verður jafnframt lögð áhersla á að mæta þörfum nærsamfélagsins.

"Kjarni málsins er einfaldur frá mínum sjónarhóli. Aðgengi að menntun, rannsóknum og stuðningi við nýsköpun þarf að ná til alls landsins. Fólk þarf að geta sótt háskólanám og skapað sér tækifæri í heimabyggð. Það skiptir sköpum fyrir þróun byggða. Grunnurinn hér á Snæfellsnesinu er traustur og ég hvet fólk til að vinna saman að því að nýta tækifærin sem felast í þessum samningi. Þekkingarstofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og vinnuklasar þurfa að gera svona í sameiningu. Þekkingarklasar sem ná árangri og gera alvöru gagn fyrir sín byggðarlög eiga það sameiginlegt að vera suðupottar með mörgum ólíkum hráefnum. Ég vona að framlag ráðuneytisins styrki þessa heild. Tengi fólkið saman og látið það rekast á með kaffibollana sína. Ráðuneytið leggur til kaffið, en það er fólkið sem verður að hella upp á og bjóða í partýið", segir Logi Einarsson.

„Við bindum vonir við að setrið verði vettvangur fyrir öflugt samstarf um menntun, rannsóknir og nýsköpun á Vesturlandi, einkum á Snæfellsnesi og í Dalabyggð, með sérstakri áherslu á Breiðafjörð. . Markmiðið er að efla þá starfsemi sem þegar er til staðar í byggðarlögunum, bæta aðgengi



Heimsókn ráðherra var einnig nýtt til fundahalda og var framtíð Vatnasafns meðal annars umræðuefni á fundi í Ráðhúsinu í Stykkirhólmi.

að menntun og þekkingu í heimabyggð og skapa ný tækifæri til verðmætasköpunar á svæðinu. Það er ánægjulegt að finna fyrir þeim áhuga og stuðningi sem Logi Einarsson ráðherra og ráðuneyti hans sýna verkefninu. Við hlökkum til að vinna áfram saman að uppbyggingu setursins og nýta þau tækifæri sem í verkefninu felast,“ segir Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri í Stykkishólmi.

Uppbygging þekkingarsetursins á sér nokkurn aðdraganda. Tillaga um stofnun þess var ein af megintillögum starfshóps Stykkishólmsbæjar, Byggðastofnunar og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi um eflingu atvinnulífs í Stykkishólmi árið 2022. Uppbygging þekkingarnets var jafnframt meðal áherslna sveitarfélaga á Vesturlandi og Vestfjörðum í skýrslunni Framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar, sem afhent var þáverandi umhverfisráðherra árið 2024. Í heimsókn sinni til Stykkishólms hitti ráðherra einnig fulltrúa sveitarfélaga á svæðinu og kynnti sér menningarstarfsemi í bænum. Hann heimsótti meðal annars Vatnasafnið og Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla undir dyggri leiðsögn heimafólks.



Ráðherra á leið til Vatnasafna ásamt Jakobi, bæjarstjóra, Páli, framkvæmdastjóra SSV og fleirum.

Baldur í slipp



Baldur er nú í slipp í Hafnarfirði.

Vinna við Breiðafjarðarferjuna Baldur gengur vel og hefur margt áunnist á undanförnum vikum. Þetta kemur fram á vefsíðu Ferjuleiða. En ferjan Baldur fór í slipp í Hafnarfirði þann 6. október síðastliðinn.

Á vef Ferjuleiða kemur einnig fram að unnið sé meðal annars að endurnýjun stjórnbúnaðar skipsins, auk þess sem staðið er að málningarvinnu, vatnsþéttingu hurða og ýmsum öðrum viðhaldsverkefnum, meðal annars á aðalvél skipsins.

Stefnt er að því að Baldur fari í prufusiglingu þann 20. nóvember. Gangi allt að óskum í þeirri ferð er vonast til að skipið geti fljótlega í kjölfarið hafið áætlunarsiglingar á ný um Breiðafjörð.

Á meðan heldur farþegabáturinn Sjöfn frá Ísafirði uppi áætlunarsiglingum milli Stykkishólms og Flateyjar og hefur það gengið vel. Siglt er þrisvar í viku, á þriðjudögum, föstudögum og sunnudögum.

Sjöfn mun sinna þessum ferðum þar til Baldur snýr aftur til starfa. Hægt er að kynna sér siglingaáætlun Sjafnar á vef Ferjuleiða, *ferja.is*

Nýjar raðhúsaíbúðir Stólpa kynntar í Stykkishólmi



Myndina hér að ofan tók Bæring Nói Dagsson síðastliðið sumar.

Tíu nýjar raðhúsaíbúðir Stólpa við Bauluvík 1 í Víkurhverfi voru kynntar gestum á sérstökum kynningarfundi Stólpa fimmtudaginn 29. október. Íbúðirnar eru um 45 fermetrar hver og bæta við framboð minni íbúða í Stykkishólmi.

Kynningin fór fram á Fosshótel Stykkishólmi og gafst boðsgestum jafnframt tækifæri til að skoða húsin. Ragnar Þór Ingólfsson, félags- og húsnæðismálaráðherra, tók þátt í kynningunni ásamt fulltrúum Stólpa og samstarfsaðila. Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri, ávarpaði gesti fyrir hönd bæjarstjórnar.

Íslensk hönnun og einingaframleiðsla

Verkefnið við Bauluvík 1 nær til tveggja fimm íbúða raðhúsa. Húsin eru hönnuð af Batteríinu arkitektum og framleidd fyrir Stólpa af KOMA Modular í Tékklandi. Skipavík í Stykkishólmi sá um undirstöður húsanna.

Á kynningu Stólpa var fjallað um hönnun og útfærslu húsanna og möguleika einingalausna til að mæta húsnæðisþörf sveitarfélaga, leigufélaga og fyrirtækja. Áhersla verkefnisins er á vandaða hönnun, hagkvæmni og stuttan framkvæmdatíma.

Ragnar Þór Ingólfsson, félags- og húsnæðismálaráðherra, ávarpaði viðstadda og fjallaði meðal annars um breytt viðhorf til einingahúsa. Hann sagði samfélagið í auknum mæli vera að taka þessum byggingarstíl í sátt og átta sig á því að slík hús væru ekki síðri kostur en aðrar byggingar.

Bæjarstjóri ávarpaði einnig viðstadda og þakkaði Stólpa fyrir frumkvæðið og fyrir að velja Stykkishólm sem vettvang fyrir uppbygginguna. Hann lagði áherslu á mikilvægi þess að fjölbreytt húsnæði væri í boði fyrir fólk á ólíkum æviskeiðum og með mismunandi þarfir. *„Við þurfum húsnæði af mismunandi stærðum, því þarfir fólks eru ólíkar. Rúmgott einbýlishús hentar sumum vel. Aðrir hafa meiri þörf fyrir minni íbúðir,“* sagði Jakob.

Uppbygging í Víkurhverfi

Í Víkurhverfi hafa nú risið 34 íbúðir, þar af tólf almennar leiguíbúðir á vegum Brákar íbúðafélags sem ætlaðar eru tekju- og eignamörkum heimilum. Uppbyggingin fellur vel að stefnu sveitarfélagsins

Árið 2024 gerði sveitarfélagið samkomulag við ríkið og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um að skapa skilyrði fyrir byggingu um 60 íbúða á fimm árum. Þar er sérstök áhersla á hagkvæmar íbúðir og viðráðanlegan húsnæðiskostnað. Er uppbygging Stólpa í samræmi við fyrirliggjandi samkomulag.
Upphaflegt deiliskipulag Víkurhverfis var samþykkt árið 2007 og hefur skipulag hverfisins síðan verið þróað áfram. Á síðustu árum hefur sveitarfélagið unnið að gatnagerð og lagnaframkvæmdum og gert lóðir byggingarhæfar. Bæjarstjóri minnti á að sá undirbúningur væri nauðsynleg forsenda húsbygginganna og þakkaði þeim sem hefðu komið að þróun og uppbyggingu hverfisins í gegnum árin.



Fulltrúar Stólpa, Koma, Batterýsins og Sveitarfélagsins Stykkishólms ásamt ráðherra

Innviðir og þjónusta fylgi uppbyggingunni

Bæjarstjóri tengdi í ávarpi sínu húsnæðisuppbygginguna jafnframt við framkvæmdir og þróun þjónustu í sveitarfélaginu. Þá vísaði hann til samnings um þekkingarsetur við Breiðafjörð sem undirritaður var 22. október og þeirra tækifæra sem setrið getur skapað til menntunar og atvinnu í heimabyggð. Í því sambandi lagði hann áherslu á að húsnæðisframboð væri mikilvæg forsenda þess að fólk gæti nýtt þau tækifæri og fest rætur í sveitarfélaginu. Nýjar byggingarlausnir þyrftu að skila vönduðu húsnæði á kostnaði sem fólk réði við, hvort sem væri til leigu eða kaups.
„Við viljum að þeir sem eiga hér heima geti fundið húsnæði við sitt hæfi og að þeir sem vilja flytja hingað fái tækifæri til þess einnig,“ sagði Jakob.

Framkvæmdir ganga vel

Framkvæmdir á svæðinu ganga vel en unnið er nú að því að klæða húsin að utanverðu og klára minniháttarfrágang innandyra. Þá á einnig eftir að ganga frá lóð og bílaplani.



Að lokinni kynningu var viðstöddum boðið að skoða íbúðirnar.



Hér má sjá eldhúskrók í íbúð við Bauluvík 1.

Óskað eftir ábendingum við gerð fjárhagsáætlunar



Stykkishólmur, sumarið 2026. Mynd: Bæring Nói Dagsson.

Vinna við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins stendur nú yfir og er íbúum gefin kostur á að skila inn ábendingum og tillögum vegna þessa og hafa með því móti tækifæri til að hafa áhrif á aðgerðir bæjarstjórnar. Með því að opna fyrir ábendingar og tillögur vill sveitarfélagið stuðla að auknu íbúalýðræði. Áhugasamir aðilar sem vilja koma fram tillögum eða ábendingum varðandi fjárhagsáætlun 2027, eru hvattir til að koma þeim til skila í síðasta lagi kl 12:00 17. nóvember 2026. Hægt er að skila inn ábendingum á Íbúagátt Stykkishólms eða á netfangið stykkisholmur@stykkisholmur.is

Öllum tillögum og ábendingum er tekið fagnandi og verða lagðar fyrir bæjarráð/bæjarstjórn til að taka mið af við gerð fjárhagsáætlunar.

Nú er tækifæri til að koma á framfæri ábendingum varðandi ný verkefni, nýjar fjárfestingar eða áhersluverkefni í starfsemi sveitarfélagsins, t.d. varðandi leikvelli, opin svæði, göngustíga, bæjarhátíðir, skipulagsmál, söfn, menningarviðburði, húsnæði og eignir sveitarfélagsins eða annað sem íbúar hafa skoðanir á.

Smásagnakeppni Júlíönuhátíðar


Smásögum skal skilað á Hótel Egilsen.

Smásagnasamkeppni Júlíönu – hátíðar sögu og bóka fer fram í tengslum við hátíðina sem haldin verður í Stykkishólmi dagana 11.–13. mars 2027. Þátttaka í keppninni er öllum opin og er skilafrestur sagna til 31. janúar 2027. Sögurnar mega vera allt að 4.000 orð og skulu merktar dulnefni höfundar. Skila þarf sögunum í þríriti í umslagi merktu „Smásagnasamkeppni Júlíönu – hátíð sögu og bóka“ og senda á eftirfarandi heimilisfang:

Smásagnasamkeppni
Júlíönu
Aðalgata 2
340 Stykkishólmur

Í umslaginu skal einnig fylgja annað lokað umslag merkt sama dulnefni. Í því skal koma fram rétt nafn höfundar og símanúmer. Verðlaun verða veitt fyrir þrjár bestu sögurnar að mati dómnefndar.

Í dómnefnd sitja Jón Yngvi Jóhannsson, bókmenntafræðingur við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og formaður nefndarinnar, Sólveig Ásta Sigurðardóttir, doktor í bókmenntafræðum, og Þórdís Gísladóttir, skáld og rithöfundur.